



Faghópur I

Fundargerð 23. fundar

Iðnaðarráðuneytinu, 3. desember 2009, kl. 9:00-14:00

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Auður Sveinsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Gísli Már Gíslason, Haukur Jóhannesson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Ragnheiður Traustadóttir (frá kl. 11:30), Snorri Baldursson, Sólborg Una Pálsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Anna G. Sverrisdóttir, formaður faghóps 2 (frá 11:30)

Forföll: Magnús Ólafsson, Ólafur Arnalds.

Gestir: Fulltrúar Orkustofnunar, Sveinbjörn Björnsson og Hákon Aðalsteinsson.

Fundarfrásögn

1. **Fundargerðir** voru ekki afgreiddar á fundinum.
2. **Verðmætatmat á fiskum og smádýrum.** Fundurinn hófst á kynningu Hilmars á drögum nr. 3 á mati á fiskum og smádýrum á vatnsaflsvæðum (sjá glærुकynningu á vinnusvæði heimasíðu.). Ekki er um endanlegt mat að ræða, en einkunnir munu væntanlega lítið breytast.
3. **Verðmætatmat á fuglum á vatnsaflssvæðum.** Kynning Kristins Hauks. Glærुकynning hans verður sett á vinnusvæðið innan tíðar. Kristinn sagði einkunnagjöf vera til bráðabirgða en engu að síður væri mat hans að lokaniðurstöður yrðu mjög áþekkar. Einkunnir gætu hliðrast til án þess að innbyrðis röðun myndi breytast.
4. **Umræða um einkunnir og einkunnaskala.**
 - a. Rætt um notkun og beitingu einstakra einkunna á einkunnaskala og mikilvægi þess að samræma notkunina. M.a. var velt upp spurningunni í hvaða tilfellum væri rétt að nota lægstu (1) og hæstu gildin (20).
 - b. Þóra benti á að við verðmætatmat lífvera gildi aðeins hæsta einkunn viðfanga gagnvart hverjum virkjunarkosti. Nú liggja fyrir mun meiri upplýsingar en raunin var í 1. áfanga og nú bættust hveraörverur við.
 - c. Smádýrum á þurrlandissvæðum verður sleppt enda afar takmörkuð gögn til staðar, sama gildir um hreindýr (ekki til staðar á svæðum sem liggja undir mati) og önnur spendýr (dreifing gefur ekki tilefni til aðgreiningar eftir svæðum).
 - d. Við heildarmat á lífverum munu a) fiskar og vatnahryggleysingar, b) fuglar og c) plöntur hafa jafnt vægi.
5. **Ályktun vegna skýrslna Náttúrufræðistofnunar Íslands.** Tekin voru fyrir drög að ályktun hópsins vegna skýrslna og mats Náttúrufræðistofnunar Íslands. Kristinn Haukur og Snorri viku af fundi um stund enda báðir starfsmenn Náttúrufræðistofnunar. Eftir stuttar umræður voru drögin samþykkt samhljóða.

Á fundi faghóps 1, þann 3. desember 2009, var samþykkt eftirfarandi bókun:

Faghópur 1 beinir því til verkefnisstjórnar rammaáætlunar að hún komi á framfæri óánægju með vinnubrögð Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir rammaáætlun eins og þau birtast í samantektarskýrslu stofnunarinnar *Mat á verndargildi 18 háhitasvæða* (NÍ-09014). Samkvæmt samningum við Orkustofnun sneri vinna stofnunarinnar fyrir rammaáætlun að lífríki og jarðminjum háhitasvæða. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar áttu að vera grunngögn fyrir faghóp 1 sem metur náttúrfarsleg verðmæti og menningarminjar og áhrif orkunýtingar á þau.

Í skýrslunni *Mat á verndargildi 18 háhitasvæða* birtir Náttúrufræðistofnun hins vegar heildarmat á verndargildi háhitasvæða, m.a. með tilliti til landslags, víðerna, útivistar og efnahagslegs gildis. Hér hefur Náttúrufræðistofnun farið út fyrir samninginn við Orkustofnun. Þar á ofan virðist mat á landslagi (og útivist) ekki byggt á skilgreindri aðferðafræði, t.d. er ekki vísað í neinar fræðilegar heimildir. Mjög líklegt er að einhver munur verði á mati faghóps 1 og mati Náttúrufræðistofnunar. Slíkan mun væri hægt að nota til að grafa undan trúverðugleika á mati faghópsins og niðurstöðu rammaáætlunar.

Faghópur 1 hefur lagt mikla vinnu í að smíða gegnsæja aðferðafræði á vísindalegum grunni með rökstuddri niðurstöðu og telur miður að öðru mati skuli vera stillt upp við hliðina á mati hópsins með þessum hætti. Faghópur 1 fer jafnframt fram á það að verkefnisstjórn rammaáætlunar lýsi yfir fullum stuðningi við vinnu og aðferðafræði faghópsins við mat á verðmætum og áhrifum orkunýtingar á náttúru og menningarminjar virkjunarsvæða.

6. **Kynning háhitasvæða á forræði Orkustofnunar.** Sveinbjörn Björnsson kom inn á fundinn og hélt kynningu á þeim háhitakostum rammaáætlunar sem eru á forræði Orkustofnunar. Glærusýning Sveinbjörns byggði á lýsingum virkjunarkostum sem liggja frammi á vinnusvæði verkefnisstjórnar og faghópa á heimasíðu.

Geysir og Hveravellir: Undir hvorugum staðnum finnst háhitakjarni og líklega er um að ræða afrennsli af háhitasvæðum. Hér er því ekki um að ræða dæmigerð virkjunarsvæði og langt í að vinnsla komi til greina.

Vonarskarð: Staðsett innan þjóðgarðs.

Kverkfjöll: Engar viðnámsmælingar farið fram en nokkuð um sýnatökur.

Kerlingafjöll: Lokið viðnámsmælingum og virðist svæðið vera allstórt. Hverabotn sýnir hæstan hita (allt að 300°C) en staðfesta verður það mat með rannsóknarborunum. Rétt að meta Kerlingafjöll sem eitt svæði.

Torfajökull: Í 1. áfanga treystu menn sér ekki til að gera upp á milli þeirra sex staða sem horft var til. Varpaði fram þeirri spurningu hvort hið sama viðhorf væri nú eða mun svæðinu verða skipst upp í smærri svæði. Verulegur munur er á landslagi vestur- og austurhluta svæðisins þar sem vesturhlutinn er lítið skorin háslétta en austurhlutinn mjög skorinn. Rannsóknir út frá jarðskjálftamælingum gefa til kynna að grunnt sé á kvikuhólfi. Á svæðinu mætast tveir sprungusveimar. Sá nyrðri kemur frá Bárðarbungu og þar er eldvirkni meiri. Svæðið er kraftmesta háhitasvæði landsins sem ekki liggur undir jökli.

Fremrinámar. „Furðulegt svæði“ – sem á eftir að skoða betur. Útbreiðsla háhitans er óviss en virðist teygja sig vestur til Heilagsdals. Til staðar er viðnámskort sem er opið til norðurs en eftir er að viðnámsmæla í Heilagsdal.

7. **Kynning vatnsaflssvæða á forræði Orkustofnunar.** Hákon Aðalsteinsson tók við af Sveinbirni og kynnti vatnsaflskosti á forræði Orkustofnunar. Glærusýning Hákonar byggði einnig á lýsingum á virkjunarkostum sem liggja frammi á vinnusvæði verkefnisstjórnar og faghópa á heimasíðu.

Hvalá: Bætti litlu við núverandi lýsingu.

Skatastaðavirkjun B. Landsvirkjun hafði áður kynnt útfærslu C. Hákon benti á mun meiri áhrif á vatnasvið Vestari-Jökulsár í útfærslu B þar sem Hofsá verði veitt austur á bóginn sem orsakaði um helmingi minna grunnrennsli í V-Jökulsá. Vatnsborð Bugslóns mun sveiflast um allt að 35 m.

Fljóthnúksvirkjun: Stöðvarhús verður staðsett í Króksdal og líklega verður aðkoma um endurbættan slóða sem nú liggur frá Sprengisandsleið. Sennilega verður ekki lagður vegur að austanverðu frá byggð að framkvæmdasvæði. Þessi kostur var metinn mjög óhagkvæmur í 1 áfanga og langur tengikostnaður mun ekki auka hagkvæmni. Þessi kostur verður aldrei að möguleika nema með tilkomu hálendislínu.

Hrafnabjörg: Nú er hætt við að leiða aðkomuvatn í gegnum Íshólsvatn heldur er gert ráð fyrir göngum beint niður í stöðvarhús. Rætt var stuttlega um áhrif á votlendi í byggð en minna vatn mun fara um Aldeyjarfoss en tekið verður tillit til þess við endanlega útfærslu virkjunarinnar.

Arnardalsvirkjun: Mun að meðaltali orsaka um helmingsminnkun á vatnsrennsli Dettifoss.

Spurt var um aursöfnun í lóninu og fram kom að magnið væri of mikið til að það yrði hreinsað þannig að það myndi safnast þar fyrir.?. Helmingsvirkjun: Lónstæði yrði á gróðurvana sandauðn. Gert er ráð fyrir að u.þ.b. helmingi aurs verði hleypt í gegnum stíflu í botnsrásum. Þessi útfærsla miðast við að vernda Arnardal og lágmarka áhrif á Dettifoss. Þar væru áhrif metin „óveruleg „ og nær engin yfir sumartíma. Djúpa: Litlum upplýsingum bætt við. Markarfljót A: Hákon taldi enga ástæðu til að meta útfærslu B frá 1. áfanga.

Gýjarfossvirkjun: Hér er um mjög dýra virkjun að ræða sem ekki verður litið til í fyrirsjáanlegri framtíð. Bláfellsvirkjun: Útfærslan miðast við að vatnsborð Hvítárvatns hækki ekki. Miðlun næst með því að draga niður um allt að 5 m. yfir vetrartíma. Vatnið/lónið fyllist í vorleysingum og síðan dregið niður eftir þörfum. Hákon taldi í raun réttast að tala um „rennslisvirkjun“.

8. **Næsti fundur** verður haldinn á Orkustofnun á laugardag, 5. des. Fundarefni verður kynning á verðmætamati jarðminjar
9. **Fundi var slitið** kl. 14:15.